Andlát

Kristín Bernhöft andaðist í Borgarspítalanum að kvöldi 8. febrúar.

Sigmar Jónasson, Hamraborg 26, Kópavogi, lést að kvöldi 8. febrúar í hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð.

Kristjana Ingimundardóttir andaðist að morgni 8. febrúar í sjúkrahúsinu í Keflavík.

Benedikt Hjartarson, fyrrverandi bifreiðarstjóri, Aflagranda 40, Reykjavík, lést á heimili sínu 7. febrúar.

Kristján Theodórsson frá Húsavík er látinn.

Elín Helga Magnúsdóttir, Sólvallagötu 17, Reykjavík, lést á heimili sínu 8. febrúar.

Sara Kristjánsdóttir, áður til heimilis að Laugavegi 58b, lést í dvalarheimilinu Seljahlíð að kvöldi 8. febrúar.

Fundir

Kvenfélag Grensássóknar

heldur aðalfund sinn í safnaðarheimilinu mánudaginn 12. febrúar. Fundurinn hefst með borðhaldi kl. 19.30. Ath. breyttan fundartíma.

Tilkynningar

Félag eldri borgara

Opið hús í Goðheimum, Sigtúni 3, í dag, laugardag. Kl. 14 frjálst spil og tafl, kl. 20 dansað. Haldin verður skáldakynning á vegum Félags eldri borgara nk. þriðjudag, 13. febrúar, kl. 15–17 að Rauðarárstíg 18. Rætt verður um skáldið Halldóru B. Björnsson og lesið úr verkum hennar.

Kvenfélag Fríkirkjunnar í Reykjavík

efnir til gönguleði sunnudaginn 18. febrúar fyrir safnaðarfólk og gesti í Templarahöllinni við Eiríksgötu sem hefst með borðhaldi kl. 19.30. Þátttaka tilkynnist í síma 19111, Málfríður, 36787, Anna Eygló, og 685573, Sigurborg.

Alþýðubandalagið í Kópavogi

Þriðja og síðasta spilakvöld í þriggja kvölda keppni verður í Þinghóli, Hamraborg 11, mánudaginn 12. febrúar kl. 20.30. Allir velkomnir.

Tónleikar

Sigríður Gröndal syngur á ljóðatónleikum Gerðubergs

Fjórðu tónleikar í ljóðaleikatónleikaröð Gerðubergs verða haldnir mánudaginn 12. febrúar kl. 20.30. Sigríður Gröndal, sópran, syngur við undirleik Jónasar Ingimundarsonar. Á tónleikunum verða flutt íslensk þjóðlög ásamt sönglögum eftir F. Mendelsohn, G. Fauré, H. Duparc og E. Satie. Vönduð efnisskrá með frumtexta ásamt þýðingum í umsjón Reynis Axelssonar er gefin út í tilefni tónleikanna.

Messur

Guðsþjónustur

Árbæjarprestakall: Barnasamkoma kl. 11 árdegis. Guðsþjónusta kl. 14. Kristniboðskynning. Benedikt Arnkelsson guðfræðingur prédikar. Organleikari Jón Mýrdal. Myndasýning frá kristniboðsstarfinu eftir messu í safnaðarheimili kirkjunnar. Sýning á munum frá Afríku í anddyri kirkjunnar. Fyrirbænastund miðvikudag kl. 16.30. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Áskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Kaffi eftir messu. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Breiðholtskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Daníel Jónasson. Bænaguðsþjónusta þriðjudag kl. 18.30. Sr. Gísli Jónasson.

Bústaðakirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, sr. Pálmi Matthíasson. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Þorvaldur Björnsson. Sr. Pálmi Matthíasson.

Digranesprestakall: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

Dómkirkjan: Laugardagur 10. feb.: Barnasamkoma kl. 10.30. Munið kirkjubílinn. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson. Sunnudagur 11. feb. kl. 11: Messa. Dómkórinn syngur. Organisti Kjartan Sigurjónsson. Sr. Hjalti Guðmundsson. Kl. 14: Messa. Dómkórinn syngur, organisti Ann Toril Lindstad. Sr. Hjalti Guðmundsson.

Elliheimilið Grund: Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Ólafur Jóhannsson. Organisti Kjartan Ólafsson.

Fella- og Hólakirkja: Barnasamkoma kl. 11. Umsjón Ragnheiður Sverrisdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Hreinn Hjartarson. Organisti Guðný M. Magnúsdóttir. Miðvikudagur: Guðsþjónusta með altarisgöngu kl. 20.30. Prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson, organisti Guðný M. Magnúsdóttir. Sóknarprestar.

Fríkirkjan í Reykjavík: Guðsþjónusta kl. 11. (Tíminn valinn með tilliti til Ríkisútvarpsins.) Miðvikudagur kl. 7.30, morgunandakt. Orgelleikari Pavel Smid. Cecil Haraldsson.

Grafarvogsprestakall: Messuheimilið Félagsmiðstöðinni Fjörgyn við Foldaskóla. Barnamessa kl. 11. Sunnudagspóstur – söngvar. Aðstoðarfólk Guðrún, Valgerður og Hjörtur. Skólabíll fer frá Hamrahverfi kl. 10.45. Messa kl. 14. Kirkjukór Grafarvogssóknar syngur. Organisti Sigríður Jónsdóttir. Safnaðarkaffi eftir messu. Kynnt verður starfsemi Systrafélags Víðistaðasóknar, Bræðrafélags Bústaðasóknar og Safnaðarfélags Ássóknar. Almennar umræður eftir kynninguna. Allir velkomnir. Sr. Vigfús Þór Árnason.

Grensáskirkja: Barnasamkoma kl. 11. Eldri börnin uppi í kirkjunni, yngri börnin niðri. Guðsþjónusta kl. 14. Fyrirbænir eftir guðsþjónustuna. Organisti Árni Arinbjarnarson. Samverustund aldraðra miðvikudag kl. 11. Biblíulestur og bænastund laugardag kl. 10. Prestarnir.

Hallgrímskirkja: Laugardagur 10. feb.: Samvera fermingarbarna kl. 10. Sunnudagur: Messa og barnasamkoma kl. 11. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Matur eftir messu. Kvöldmessa með altarisgöngu kl. 17. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Þeir sem vilja bílfar hringi í Hallgrímskirkju í síma 10745 eða 621475. Þriðjudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum.

Landspítalinn: Messa kl. 10. Sr. Karl Sigurbjörnsson.

Háteigskirkja: Morgunmessa kl. 10. Sr. Tómas Sveinsson. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Kirkjubíllinn fer um Hlíðarnar fyrir og eftir barnaguðsþjónustuna. Hámessa kl. 14. Sr. Arngrímur Jónsson. Kvöldbænir og fyrirbænir eru í kirkjunni á miðvikudögum kl. 18. Prestarnir.

Hjallaprestakall: Messusalur Hjallasóknar í Digranesskóla. Kristniboðskynning: Barnamessa kl. 11. Sr. Guðmundur Guðmundsson kristniboði kemur í heimsókn og greinir frá starfi sínu í máli og myndum. Almenn guðsþjónusta kl. 14. Sr. Guðmundur Guðmundsson kristniboði prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sóknarpresti. Að messu lokinni annast sr. Guðmundur kynningu á starfi sínu sem kristniboði. Fermingarbörn og foreldrar þeirra sérstaklega hvött til þátttöku í messunni. Samvera fyrir fermingarbörn úr Digranesskóla og Snælandsskóla kl. 20–22, að Lyngheiði 21. Sr. Kristján Einar Þorvarðarson.

Kársnesprestakall: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu Borgum sunnudag kl. 11. Umsjón hafa María og Vilborg. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 14. Fræðslufundur í Borgum miðvikudaginn 14. feb. kl. 20.30. Magnús Torfi Ólafsson, fv. ráðherra, talar um stöðu kirkjunnar í Austur-Evrópu á breytingatímum. Allir velkomnir. Sr. Árni Pálsson.

Langholtskirkja: Kirkja Guðbrands biskups. Óskastund barnanna kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Altarisganga. Sr. Þórhallur Heimisson.

Laugarneskirkja: Laugardagur 10. feb.: Guðsþjónusta í Hátúni 10B, 9 hæð, kl. 11. Sunnudagur 11. feb.: Messa kl. 11. Bjarni Karlsson guðfræðinemi prédikar, altarisganga. Barnastarf á sama tíma. Kaffi á könnunni eftir messu. Fundur fyrir foreldra og forráðamenn fermingarbarna vorsins í safnaðarheimilinu mánudag kl. 20.30. Bænastund þriðjudagskvöld kl. 22. Kyrrðarstund í hádeginu fimmtudag. Orgelleikur, fyrirbænir, altarisganga. Sóknarprestur.

Neskirkja: Barnasamkoma kl. 11. Umsjón Sigríður Óladóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Frank M. Halldórsson. Munið kirkjubílinn. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Miðvikudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 18.20. Sr. Frank M. Halldórsson.

DV

Menning

Fiskisögur



Tolli – Málverk, 1989

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Þorlákur Kristinsson, alías myndlistarmaðurinn Tolli, verður hvorki vændur um bilbug né vöntun á metnaði. Sýningar hans eru ævinlega gustmiklar og ögrandi, vettvangur fyrir djarflegar, stundum bíræfnar tilraunir með myndskipan og myndefni.

Ásetningur Tolla virðist vera sá að hafa hendur á púlsi þjóðar sinnar, jafnt í blíðu sem stríðu. Háttur hans er sá að leita uppi tákn og mýtur sem lýsandi eru fyrir tíðarandann og punda þeim aftur á okkur með nýjum áherslum.

Nýkominn frá Berlín sendi listamaðurinn frá sér margar líkingamyndir sem í hnotskurn sögðu sitthvað markvert um sjálfsímynd Íslendingsins, tvískiptar rætur hans í landslagi og bókmenntum, rénandi þjóðernisvitund landans og hernám hugans.

Nú heldur Tolli sýningu að Kjarvalsstöðum og er mikill um sig að venju, sýnir hartnær 50 myndir, næstum allar frá síðasta ári.

Nokkrar breytingar hafa orðið á vinnubrögðum hans frá því hann málaði myndir af bókum í landslagi, og ekki allar til hins betra.

Hörkulegt yfirbragð

Dimmdramatískt litróf Tolla hefur að mestu vikið fyrir einhæfum og kuldalegum stálbláma sem dregur átökin í myndunum upp á yfirborðið þar sem þau fletjast út og missa kraft.

Hörkulegt yfirbragð myndanna er sömuleiðis ítrekað með spaðatækninni sem listamaðurinn beitir ekki alltaf af yfirvegun.

Sýning Tolla gengur að mestu leyti út á eitt stef, íslenska fiskimannaþjóðfélagið, með tíðri viðkomu í goðsögnum og þjóðtrú.

Hér er auðvitað um mjög þakklátt og um leið vandmeðfarið efni að ræða, sérstaklega ef það er framreitt í stórum skömmtum. Listamaðurinn þarf að hafa lifað efnið, eða lifað með því, vera altekinn af því. Ekki þýðir að setja sjálfum sér það fyrir til úrvinnslu eins og hvert annað skólaverkefni.

Ég hef á tilfinningunni að með þessari sýningu hafi Tolli farst einum of mikið í fang, lagt til atlögu við viðfangsefnið án tilhlýðilegrar innlifunar.

Þar sem hann kemst næst því að skapa stórbrotin og margræð verk („Spádómur", „Eldsnemma,", „Birta djúpsins", „Í ljósi vitans") gefur hann sér ekki tíma til að vinna úr gefnum forsendum, hnykkja á merkingu hlutanna.

Streben

Í allt of mörgum stærri verka sinna lætur hann sér nægja tilbreytingarlitlar endurtekningar fólkfiska, í stað þess að huga nægilega að því sem hver einstök mynd veltir upp.

En þegar Tolli lætur allt streben lönd og leið og málar af einskærri þörf og nautn lætur árangurinn ekki á sér standa. Litlar myndir hans (til dæmis „Vængjuð sólarupprás", „Agn", „Nótt", „Auga fisksins", „Birta djúpsins") eru heitar í litum, ferskar og innilegar.

En engin vinnur nema vogi. Tolli hefur að minnsta kosti áræðið fram yfir marga starfsbræður sína.

-ai.

DV

AUKABLAÐ

Helgarferðir og útivist

Miðvikudaginn 21. febrúar nk. mun aukablað um útivist og helgarferðir fylgja DV.

Meðal efnis verður umfjöllun um skíði, skíðabúnað, vélsleða og jeppaakstur um óbyggðir að vetrarlagi.

Akureyri, Ísafjörður og Flúðir verða heimsótt og skíðastaðir í nágrenni Reykjavíkur verða skoðaðir.

Auk þess verður litið inn á ýmsa skemmtistaði í Reykjavík.

Þeir auglýsendur, sem hafa áhuga á að auglýsa í þessu aukablaði, hafi samband við auglýsingadeild DV hið fyrsta, í síma 27022.

Vinsamlegast athugið að skilafrestur auglýsinga í þetta aukablað er fyrir fimmtudaginn 15. febrúar.

AUGLÝSINGADEILD

DV

SÍMI 27022